



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
17. árgangur
Júlí 2015



1. maí

Aðalfundur

Nýr kjarasamningur við SA

The new agreement – details

Nowa umowa – szczegóły

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



NÚ STREYMR ÞÚ
TÓNLISTINNI
FYRIR 0 KR.
MEÐ SPOTIFY PREMIUM
Á FARSÍMANETI SÍMANS



Spotify + Síminn



SPOTIFY PREMIUM
Í 6 MÁNUÐI
FYLGR ENDALAUST
SNJALLPAKKANUM FRÁ
SÍMANUM

*Gældir fyrir Spotify Premium áskrift hjá Símanum

Siminn.is/spotify



Útgefandi: Eining-Íðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Ritnefnd:

Anna Dóra Gunnarsdóttir, Erla Hrund
Friðfinnsdóttir, Kristín Anna Gunnólfsdóttir
og Sigurður Þór Sturluson.
Starfsmaður nefndarinnar er
Margrét Einarsdóttir.

Forsíðumynd:

Á annað hundrað félagsmenn mættu á fund
á Dalvík þegar kosning um verkfall stóð yfir.

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild
eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.



Appið og Netbankinn

**Við bjóðum
góða þjónustu
í kaffitímanum**

Í Netbankanum og Appinu getur þú sinnt fjármálunum
hvar og hvenær sem þér hentar.

Hvort sem þú ert í kaffitíma í vinnunni, uppi í bústað
eða á ferðalagi í útlöndum geturðu sinnt öllum helstu
bankaviðskiptum í tölvunni eða snjalltækjum.

Kynntu þér Appið og Netbankinn á islandsbanki.is

islandsbanki.is

Netspjall

Sími 440 4000

Facebook



Efnisyfirlit

- 4** Nýr kjarasamningur við SA
- 6** Yfirlýsing ríkisstjórnar
- 6** Örfá sæti laus í innanlandsferðina
- 7** Viðræðum við ríki og sveitarfélög frestað fram í ágúst
- 7** Of algengt að ráðningarsamning vanti
- 8** Kynferðisleg áreitni viðtækt vandamál í þjónustustörfum
- 9** Endurskoðað starfsmat sveitarfélaganna
- 10** The new agreement - details
- 11** Nowa umowa - szczegóły
- 12** Aðalfundur Einingar-Íðju
- 13** Vinningshafar af aðalfundi
- 14** Punktar frá aðalfundi
- 15** Þrjár sæmdar gullmerki
- 16** Fjölmenni tók þátt í 1. maí hátíðarhöldum
- 18** Gott að vita
- 18** Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
- 18** Gistimiðar á Keahótel
- 19** LAUS HÚS Í SUMAR – Fyrstur pantar – fyrstur fær!
- 20** Frábær dagsferð
- 21** Fræðslusjóðir – hækkan styrkja
- 22** Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs
- 24** Ert þú að vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili
eða í annarri ferðaþjónustu?
- 25** Aðalfundur Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum
- 25** Sumarstarfsmenn
- 25** Orðabók fyrir ungt fólk á vinnumarkaði
- 25** Íbúðir í Reykjavík - þríf innifalin
- 26** Stjórnir og nefndir starfsárið 2015-2016

**ÖLL
UNDIR
SAMA
HATTI**

að G lerárgötu 28

Sameiginleg
afgreiðsla á
nýja staðnum



DAGSKRÁIN
Vikudagur



Vikudagur



DAGSKRÁIN



Nýr kjarasamningur við SA



Þann 29. maí sl. var skrifað undir nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins sem gildir frá 1. maí 2015 til 31. desember 2018. Eftir hörð átök og verkfallsaðgerðir náðust samningar sem eru mun betri en þær 3,5% hækkunir sem boðið var í upphafi og er það samstöðu og baráttuvilja verkafólks að þakka að nýjir samningar eru í höfn þar sem áhersla er lögð á hækkun lægstu launa. Meginkrafa SGS var að lágmarkslaun yrðu kr. 300.000 innan þriggja ára og náðist sú krafa í gegnum kauptryggingu árið 2018. Sömuleiðis náðist sérstök hækkun fyrir fiskverkafólk. Atkvæðagreiðsla um samninginn lauk á hádegi mánudaginn 22. júní sl. og var hann samþykktur með 73,51% greiddra atkvæða á meðal félagsmenna Einingar-Löjla.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Löjla og Starfsgreinasambandsins, segir að þetta hafi verið erfiðustu samningaviðræður sem hann hefur tekið þátt í og að hann sé ánægður með niðurstöðuna. „Þessi samningur hefði ekki náðst ef hin mikla samstaða sem var á meðal félagsmanna, bæði hjá okkur og í öðrum félögum hefði ekki komið til. Við, sem stöndum í eldlínunni í samningaviðræðunum, fengum alveg ómetanlegan stuðning. Margir gera sér ekki grein fyrir því hve bak-

stuðningurinn hefur mikið að segja. Hjá okkur sögðu 73,51% já í atkvæðagreiðslunni um samninginn, sem er mjög afgerandi og við erum því mjög ánægð með niðurstöðuna. Það eru ákveðin rauð strík í samningunum og nú þarf að fylgjast með kaupmættinum og eins þarf að fylgjast með því að stjórnvöld standi við það sem þau lofuðu.“

Samningsforsendur

Eins og áður segir gildir samningurinn til 31. desember 2018 en á hverju ári má segja samningnum upp ef forsendur bresta en þær eru: Að kaupmáttur aukist, að samningarnir verði stefnumarkandi fyrir aðra hópa og loforð ríkisstjórnarinnar í tenglum við samningana séu efnd.

Launabreytingar á samningstímanum

Sérstök áhersla var lögð á hækkun lægstu launa í þessum samningi og því mun tekjutryggingin hækka um 40,2% eða úr kr. 214.000 í kr. 300.000 á samningstímanum.

Að meðaltali hækka launataxtar um kr. 62.500 eða á bilinu 25% til 32,5%

Launahækkunir 1. maí 2015

Frá 1. maí 2015 hækka launataxtar um kr. 25.000 auk þess sem neðsti launaflokkur fellur niður. Að auki breytast starfsaldursþrep í launatöflu þannig að þrep eftir sjö ár í sama fyrirtæki verður fimm ár í sama fyrirtæki, þrep eftir fimm ár í starfsgrein verður eftir þrjú ár í starfsgrein, þrep eftir þrjú ár í starfsgrein verður eftir eitt ár í starfsgrein og þrep eftir eitt ár í starfsgrein verður byrjunarlaun 20 ára. Með þessu hækka launataxtar að meðaltali um kr. 27.000 eða á bilinu 11% til 14%. Launafólk getur því færst til í taxtakrefinu og hækkað þannig í launum umfram það sem hækkunir taxa segja til um, mest hækkar fólk í neðstu þrepunum.

Launaþróunartrygging 1. maí 2015

Starfsmenn sem taka ekki laun samkvæmt launatöflu hækka að lágmarki á bilinu 3,2% til 7,2% þar sem lægri laun hækka hlutfallslega meira en hærri laun. Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 7,2% nema um annað hafi verið samið. Launaþróunartrygging nær ekki til launamanna sem starfa í afkastatengdum launakerfum þar sem laun vegna frammistöðu eru meginhluti launa og því hækka laun um 7,2% í afkastatengdum launakerfum.

Launaþróunartrygging starfsmanna sem hófu störf 1. febrúar 2014 eða fyrr: Grunnhækkun launa við gildistöku samnings þessa er 7,2% fyrir starfsmann sem er með kr. 300.000 laun eða lægri. Grunnhækkun launa starfsmanns sem er með hærri laun en kr. 300.000 fer stiglækkandi þannig að hún lækkar í jöfnum skrefum frá kr. 300.000 niður í 3,2% hjá starfsmanni með kr. 750.000 í laun. Frá grunnhækkun dregst önnur sú launahækkun sem starfsmaður hefur fengið eftir 2. febrúar 2014. Hækkun launa og launatengdra liða samkvæmt ákvæði þessu getur aldrei verið lægri en 3,2%.

Launabreyting starfsmanna sem hófu störf á tímabilinu 1. febrúar 2014 til 31. desember 2014: Nú hefur starfsmaður hafið störf á tímabilinu frá 1. febrúar 2014 til loka desember



Á ferð og flugi: Félagið hélt sex kynningarfundir á nýjum kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins áður en atkvæði voru greidd um hann. Í fyrsta sinn var farið í Grímsey í þeim erindakkjörðum að kynna nýjan kjarasamning fyrir félagsmenn sem þar búa. Fundirnir voru haldnir á Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð, Hrísey, Grenivík og í Grímsey.

2014 og hækka þá laun hans og launatengdir liðir um 3,2% frá gildistöku samnings þessa.

Launahækkunarir 1. maí 2016

1. maí 2016 hækka launataxtar um kr. 15.000 en grunnhækkun launa, sem skilgreint er sem launaþróunartrygging verður að lágmarki 5,5% fyrir starfsmann sem hefur verið í starfi hjá sama launagreiðanda frá því 1. maí 2015.

Starfsmenn sem hefja störf á tímabilinu frá 1. maí 2015 til loka desember 2015 fá að lágmarki 3,2% hækkun á launum og launatengdum liðum frá 1. maí 2016. Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,5% nema um annað hafi verið samið. Launaþróunartrygging nær ekki til launamanna sem starfa í afkastatengdum launakerfum þar sem laun vegna frammistöðu eru meginhluti launa og því verður 5,5% hækkun í afkastatengdum launakerfum.

Launahækkunarir 1. maí 2017

Þann 1. maí 2017 hækka kaupataxtar um 4,5%, en laun og launatengdir liðir um 3,0%.

Launahækkunarir 1. maí 2018

Þann 1. maí 2018 hækka kaupataxtar um 3,0%, en laun og launatengdir liðir um 2,0%.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir þá starfsmenn sem eftir að 18 ára aldri er náð hafa starfað a.m.k. sex mánuði hjá sama fyrirtæki (þó að lágmarki 900 stundir):

- maí 2015 kr. 245.000 á mánuði.
- maí 2016 kr. 260.000 á mánuði.
- maí 2017 kr. 280.000 á mánuði.
- maí 2018 kr. 300.000 á mánuði.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til tekna í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Launuppbót vegna lágmarkstekjutryggingar skerðist ekki vegna samningsbundinnar launahækkunar vegna aukinnar menntunar sem samningsaðilar standa sameiginlega að. Dæmi: Ef starfsmaður sem er með kr. 260.000 í laun fyrir dagvinnu fær kr. 10.000 vegna aukinnar menntunar og fer í kr. 270.000 þá miðast tryggingin áfram við kr. 260.000.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Laun starfsmanna undir 20 ára aldri

Það verða breytingar á hlutfallstöllum ungmenna þar sem laun þeirra sem eru 18 og 19 ára verða nú 95% af byrjunarlaunum 20 ára. Ef 18 og 19 ára einstaklingar hafa starfað a.m.k. í 6 mánuði og að lágmarki 700 vinnustundir í starfsgrein eftir að 16 ára aldri er náð, eiga þeir rétt á byrjunarlaunum 20 ára.

- Laun 17 ára eru nú 89% af byrjunarlaunum 20 ára.
- Laun 16 ára eru nú 84% af byrjunarlaunum 20 ára.
- Laun 15 ára eru nú 71% af byrjunarlaunum 20 ára.
- Laun 14 ára eru nú 62% af byrjunarlaunum 20 ára.
- Aldursþrep starfsmanna undir 18 ára aldri miðast við fæðingarár.

Tekjutrygging

VAR	214.000	HÆKKUN	
Frá 1. maí 2015	245.000	31.000	14,5%
Frá 1. maí 2016	260.000	15.000	6,1%
Frá 1. maí 2017	280.000	20.000	7,7%
Frá 1. maí 2018	300.000	20.000	7,1%

Orlofsuppbót

Desemberuppbót

2014	39.500		73.600	
2015	42.000	6,3%	78.000	6,0%
2016	44.500	6,0%	82.000	5,1%
2017	46.500	4,5%	86.000	4,9%
2018	48.000	3,2%	89.000	3,5%

Starfsmenn 16 og 17 ára sem vinna skv. bónuskerfi í fiskvinnslu, eða í fiskvinnslu þar sem tekin hefur verið upp föst bónusgreiðsla vegna þess að afköst eru vélstýrð, skulu ekki taka lægri laun en skv. 18 ára taxa. Starfsmenn 18 og 19 ára í sömu störfum skulu ekki taka lægri laun en byrjunarlaun 20 ára.

Sérstök hækkun í fiskvinnslu

Samkvæmt nýja kjarasamningnum þá hækka fiskvinnslufólk um tvo launaflokka eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki, ef viðkomandi hefur lokið grunn- og viðbótarnámskeiðunum. Þá er starfsfólki tryggt í fyrsta sinn lágmarksbónus, að upphæð kr. 220, auk þess sem bónus hækka meira en almennar launahækkunarir, eða samtals um 12,4% árið 2015.

Ýmsar bókanir

Með samningnum fylgja ýmsar bókanir sem hægt er að kynna sér á heimasíðu félagsins. Þarna má t.d. nefna bókun um sveigjanleg starfslok, bókun um mat á námi til launa og bókun um viðræður um skipulag vinnutíma. Tillaga SA um breytingar á lengd dagvinnutíma settu samningaviðræður í mjög erfiða stöðu á tímabili en það tókst að koma þessu máli í betri farveg þar sem félögin tóku undir þá stefnu að stuðla að styttingu vinnutíma og koma á fjölskylduvænni vinnumarkaði eins og gerist á Norðurlöndunum. Það verður einungis gert með umræðum og kynningu á vinnustöðum og síðan verður málið afgreitt í sameiginlegri atkvæðagreiðslu í lok árs 2016 þar sem meirihluti launafólks ræður niðurstöðunni. Gert er ráð fyrir því að vinnuhópar taki til starfa fyrir lok júní.

Varðandi bókun um mat á námi til launa munu samningsaðilar vinna að því að meta nám/raunfærni til launa í tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreininga starfa. Áætlun verði gerð um greiningu starfa með aðkomu beggja aðila í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfnipættir starfs eru settir upp í námskrá. Nefnd samningsaðila, þrír frá ASÍ og þrír frá SA, mun hefja störf eigi síðar en haustið 2015. Unnið verður áfram á grundvelli þeirra tillagna sem samningsaðilar hafa mótað í aðdraganda kjarasamninga. Stefnt er að því að námskeið og raunfærnimat verði sett af stað á grundvelli þessarar vinnu, haustið 2016. Fyrir 1. október 2016 skal liggja fyrir með hvaða hætti skuli greitt fyrir þá hæfni sem metin er í starfi.

Yfirlýsing ríkisstjórnar



Sama dag og nýr kjarasamningur SGS og SA var undirritaður samþykkt Ríkisstjórn Íslands ráðstafanir í tengslum við gerð kjarasaminga á almennum vinnumarkaði. Aðgerðirnar eru í 11 liðum og lúta að ýmsum sviðum skatta- og velferðar- og húsnæðismála sem og úrbótum á sviði hagstjórnar og opinberra fjármála. Meðal aðgerða ríkisstjórnarinnar má nefna breytingar á tekjuskatti sem mun leiða til hækkunar á ráðstöfunartekjum launþega, átak um byggingu 2.300 félagslegra íbúða og auknið samstarf við aðila vinnumarkaðar með stofnun þjóðhagsráðs.

- ◆ Ríkisstjórnin mun meðal annars beita sér fyrir breytingum á tekjuskatti einstaklinga sem munu leiða til hækkunar á ráðstöfunartekjum allra launþega, en þó sérstaklega millitekjuhópa. Sem dæmi má nefna að ráðstöfunartekjur um 65% fullvinnandi launamanna munu aukast um 50 þúsund eða meira á ári og ráðstöfunartekjur launþega með meðaltekjur munu aukast um tæpar 100 þúsund á ári. Breytingarnar munu einnig leiða til einföldunar tekjuskattkerfisins og aukins gagnsæis og skilvirkni, en skattþrepum verður fækkað úr þremur í tvö. Þá mun persónuafsláttur hækka til samræmis við verðlagsbreytingar.
- ◆ Með aðgerðunum mun heildarlækkun á tekjuskatti einstaklinga því nema um allt að 16 milljörðum króna á kjörtímabilinu. Það samsvarar tæpum 13% af tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga miðað við áætlun fjárlaga 2015.
- ◆ Ríkisstjórnin skuldbindur sig einnig, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins, til að skapa bætt skilyrði fyrir uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Þannig verði stuðlað að fjölgun ódýrra og hag-

kvæmra íbúða með það að markmiði að tryggja tekjulágum fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma og ráðist í átak um byggingu 2.300 félagslegra íbúða á tímabilinu 2016-2019.

- ◆ Einnig verði stuðlað að lækkun byggingarkostnaðar, meðal annars með endurskoðun byggingarreglugerðar og gjaldtöku sveitarfélaga. Húsnæðisbætur verði hækkaðar til að styðja við almennan leigumarkað og lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda og skattlagningu breytt í þeim tilgangi að lækka leiguverð og auka framboð á leigumarkaði. Þá verði komið sérstaklega til móts við þá sem kaupa sína fyrstu íbúð, m.a. með því að ungu fólki verði heimilt að nýta séreignarsparnað til þess. Unnið verður að framangreindum markmiðum í samráðshópi ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði með hliðsjón af fyrirliggjandi vinnu stjórnvalda við umbætur á húsnæðismarkaði og hugmyndum sem komið hafa upp í samráðshópnum.
- ◆ Í því skyni að bæta samspil ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar lýsir ríkisstjórnin sig reiðubúna að stofna sérstakt þjóðhagsráð þar sem aðild eigi oddvitar ríkisstjórnar og fulltrúar Seðlabankans, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.
- ◆ Aðrar aðgerðir lúta að jöfnun ororkubyrðri lífeyrissjóða, niðurfellingu tolla á fatnað og skó, lækkun á kostnaði sjúklunga, auknum framlögum til framhaldsfræðslu og starfsmenntunar, átaki gegn skattaundanskotum, einföldun og endurskoðun regluverks og eftirlits með atvinnustarfsemi, stefnumörkun í opinberum fjármálum og samstarfi um mótun vinnumarkaðsstefnu og skipulag vinnumarkaðsmála.

Örfá sæti laus í innanlandsferðina



Fjögurra daga síðsumarferð verður farin til Hólmavíkur, um Strandir, Snæfjallaströnd og um Reykjanesið dagana 10. til 13. ágúst 2015 og eru örfá sæti laus í ferðina.

Fyrsta daginn verður farið til Hólmavíkur þar sem gist verður allar næturnar. Á öðrum degi verður farið út í Ingólfsfjörð. Á þriðja degi farið út Snæfjallaströnd og um Reykjanesið. Á fjórða degi farið heim um Dali, Skarðsströnd og Laxárdalsheiði.

Bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson. Ferðin kostar kr. 38.000 á mann. Innifalið er allur akstur, gisting í uppþunum rúmum og leiðsögn. Ekkert fæði innifalið.

Utanfélagsmenn sem áhuga hafa á ferðinni er velkomið að fara með.

Óafturkræft staðfestingargjald er 10.000 krónur.

Áhugasamir geta skráð sig á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, eða í síma 460 3600.

Viðræðum við ríki og sveitarfélög frestað fram í ágúst

Tekin hefur verið ákvörðun um að fresta viðræðum um nýjan kjarasamning við bæði ríki og sveitarfélög fram í ágúst en stefnt er að því að undirrita samninga við þessa tvo aðila fyrir 1. október nk. Næstu samningafundir verða haldnir um miðjan ágúst.

Fulltrúar SGS hafa gengið frá samkomulagi við samninganefnd ríkisins annars vegar og hins vegar samninganefnd Sambands Íslenskra Sveitarfélaga um frestun viðræðna, þó þannig að það sem um semst í samningum sem undirritaðir verða fyrir 1. október mun gilda afturvirkir frá 1. maí síðastliðnum,

eða síðan kjarasamningarnir runnu út. Í báðum þessum tilvikum óskuðu við-semjendur SGS eftir frestun og var ákveðið að verða við því, bæði vegna þess að beðið er eftir niðurstöðu í öðrum samningum og eins vegna sumarleyfa.

Frestað við Norðurorku

Einnig er búið að fresta viðræðum við Norðurorku um nýjan kjarasamning. Næsti fundur verður 13. ágúst nk.

Of algengt að ráðningarsamninganti

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem ASÍ og SA létu Capacent Gallup framkvæma er 85% launafólks á Íslandi með skriflegan ráðningarsamning eða skriflega staðfesta ráðningu. Á almennum vinnumarkaði er hlutfallið þó aðeins 75% meðan það er 98% á opinberum vinnumarkaði. 8% launafólks hefur aldrei haft skriflegan ráðningarsamning eða fengið ráðningu staðfesta skriflega. Staðan er verst í aldurhópnum 18-24 ára þar sem hlutfallið er 14%. Ljóst er margt má bæta og ítrekað að launafólk gangi eftir þessum réttindum sínum þegar við ráðningu eða skömmu eftir hana.

Í ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar á a.m.k. eftirfarandi að koma fram:


1. Deili á aðilum þ.m.t. kennitölur.
2. Vinnustaður og heimilisfang vinnuveitanda. Sé ekki um fastan vinnu-

stað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að starfsmaður sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum.

3. Titill, staða, eðli eða tegund starfs sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
4. Fyrsti starfsdagur.
5. Lengd ráðningar sé hún tímabundin.
6. Orlofsréttur.
7. Uppsagnarfrestur af hálfu vinnuveitanda og starfsmanns.
8. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, mánaðarlaun sem yfirvinna er reiknuð af, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil.
9. Lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku.
10. Lífeyrissjóður.

Velkomin í nýjan netbanka

Nýr netbanki Landsbankans hefur verið endurhannaður frá grunni og byggir á ítarlegum notkunarmælingum og þeim aðgerðum sem viðskiptavinir nota mest. Kynntu þér nýjan netbanka á landsbankinn.is/netbanki.



Kynferðisleg áreitni viðtækt vandamál í þjónustustörfum

Mánudaginn 8. júní sl. stóð Starfsgreinasambandið ásamt systursamtökum á Norðurlöndum fyrir ráðstefnu í Reykjavík gegn staðalmyndum og kynferðislegri áreitni innan hótél-, veitinga- og ferðaþjónustunnar. Ráðstefnuna sóttu um eitt hundrað manns frá öllum Norðurlöndunum þar sem m.a. voru kynntar nýjustu rannsóknir á þessu sviði auk þess sem rætt var sérstaklega um hvað aðilar vinnumarkaðarins gætu gert til að vinna gegn áreitni. Í aðdraganda ráðstefnunnar voru unnar rannsóknir um kynferðislegt áreiti í flestum landanna þar sem rannsóknir voru ekki til áður.

Skemmst er frá því að segja að kynferðisleg áreitni gagnvart fólki sem starfar í þjónustugreinum er viðtækt og voru niðurstöðurnar sláandi. Ungu fólki og þá einkum og sér í lagi ungum konum er hætt við að verða fyrir áreitni og skýrt samband var á milli áreitni og ótryggrar stöðu á vinnumarkaði. Þannig er fólk sem er tímabundið ráðið eða í gegnum starfsmannaleigur í veikri stöðu til að sækja rétt sinn þegar á því er brotið. Starfsfólk lætur sjaldan vita af brotum gegn því þó það ógni öryggistilfinningu þeirra, er ekki nógu meðvitað um réttindi sín og veit ekki hvert það á að snúa sér.

Stéttarfélagin vilja koma þeim skilaboðum á framfæri að starfsfólki sé ekki á matseðlinum og hvetja atvinnurekendur til að innleiða skýra starfsmannastefnu þar sem fram kemur hvernig skuli fyrirbyggja kynferðislega áreitni á vinnustað. Á Twitter standa þessi félög fyrir herferðum undir #AldreiOk og #notonthemenu.

Á dagskrá að berjast gegn kynferðislegri áreitni

Á ráðstefnunni var mikið fjallað um ábyrgð aðila vinnumarkaðarins, hvernig mennta megi trúnaðarmenn og starfsfólk stéttarféлага og gera atvinnurekendum grein fyrir ábyrgð sinni. Þá er mikilvægt að lög og reglugerðir gefi skýr skilaboð. Í upphafi ráðstefnunnar flutti Eygló Harðardóttir ráðherra ávarp og tilkynnti að reglugerð gegn kynferðislegri áreitni væri tilbúin í ráðuneytinu og biði lagabreytinga svo hún gæti öðlast gildi.

Ráðstefnan er upphafið að auknu samstarfi norrænu stéttarfélaganna á þessu sviði og á vinnufundi eftir ráðstefnuna var ákveðið að taka



Fjórir fulltrúar frá félaginu sátu ráðstefnuna.

saman rannsóknirnar sem voru kynntar til að veita yfirsýn yfir vandann á Norðurlöndunum. Rannsóknirnar verða svo grundvöllur áfram-

haldandi starfs gagnvart atvinnurekendum, vinnueftirlitinu og stjórnmálunum.

Viðskiptavinir oftast gerendur

Í tilefni ráðstefnunnar lét Starfsgreinasambandið í samstarfi við Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands vinna rannsókn á tíðni og eðli kynferðislegs áreitis gagnvart starfsfólki í þjónustustörfum. Rannsóknin var unnin af Félagsvísindastofnun og Steinunni Rögnvaldsdóttur, félags- og kynjafræðingi, og benda niðurstöður til þess að 41% þeirra sem starfað hafa í þjónustustörfum einhvern tíma á síðustu 10 árum hafi orðið fyrir áreitni, 26,4% karmanna og 50,4% kvenna. Þjónustustörf eru hér skilgreind sem störf á veitingahúsi (þar með talið kaffihúsi eða skyndibitað) á hótélum eða í annarri ferðaþjónustu. 67,8% þeirra sem orðið hafa fyrir áreitni voru yngri en 24 ára þegar alvarlegasta atvikið átti sér stað (ef þau voru fleiri en eitt).

Kynferðisleg áreitni hefur meiri áhrif á öryggistilfinningu kvenna heldur en karla og það hefur meiri áhrif á öryggistilfinninguna að vera áreitt (ur) af vinnufélaga eða yfirmanni heldur en af viðskiptavini. Í yfir 60% tilvika kynferðislegrar áreitni í rannsókninni var gerandi viðskiptavinur, karlar verða frekar fyrir áreitni af hálfu viðskiptavina heldur en samstarfsmanna en algengara er að konur verði fyrir áreitni af hálfu samstarfsmanna eða yfirmanna.

Niðurstöður rannsókninnar má finna í heild á www.sgs.is

Öryggi fólks sem starfar við þjónustustörf; á veitingastöðum, í ferðaþjónustu og á hótélum á Íslandi er ógnað. Önnur hver kona og fjórði hver karlmaður sem vinnur þjónustustörf hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni í tengslum við störf sín.



Endurskoðað starfsmat sveitarfélaganna

*Þau störf sem félagsmenn í aðildarfélögum Starfs-
greinsambandsins, þar á meðal Einingu-Íðju, inna
af hendi hjá sveitarfélögum eru metin í stigum eftir
ákveðnu kerfi og fjöldi stiga segir til um hversu
mikið er greitt fyrir hvert starf, þ.e. hvar það lend-
ir í launatöflunni. Í þar síðustu kjarasamningum
var ákveðið að ráðast í endurmat á öllum störfum
sem rúmast innan kjarasamninga SGS og Samband
Íslenskra sveitarfélaga og er þeirri endurskoðun
nú lokið. Niðurstaðan er sú að flest störf eru metin
til hærri stiga en þau voru áður og skilar það sér í
hækkun á launaflokkum. Af 161 starfsheiti sem eru
til í mörgum sveitarfélögum hækka 154 um launa-
flokka, 7 standa í stað en ekkert lækkar um launa-
flokka. Mest hækkar mat á einstaka starfi sem sam-
svarar 10 launaflokkum.*

Afturvirkir frá 1. maí 2014

Auk þessara starfa er fjöldinn allur af staðbundnum störfum
hjá einstaka sveitarfélögum sem hafa einnig verið endurmetin.
Þær leiðréttingar sem gerðar hafa verið eiga að vera afturvirkar

frá 1. maí 2014. Það er því ljóst að margir starfsmenn sveitar-
félaga geta vænst þess að fá leiðréttingu á sínum launum heilt
ár aftur í tímann, auk þess að ráðast hærra í launaflokk í fram-
tíðinni. Fyrir 1. ágúst nk., þó ekki síðar en 1. september skal
vera búið að ráða starfsmanni í réttan launaflokk út frá nýju
starfsmati. Í ljósi þess að um töluverða vinnu er að ræða er
sveitarfélögum gefið svigrúm til 1. október 2015 til að leiðrétta
launin aftur í tímann.

Sveitarfélögin hafa fengið nýtt starfsmat í hendurnar og
stéttarfélögin líka. Nú er að fylgjast með hvort að leiðréttingar
skili sér, hvort starfsfólki sé ráðað rétt í launatöfluna o.s.frv.
Til að sjá breytingarnar má fletta upp störfum á heimasíðu
félagsins, www.ein.is

Þegar blaðið fór í prentun var Akureyrarbær búinn að gefa
það út að allir nýir ráðningarsamningar verða gerðir með nýrri
röðun, að réttir launaflokkar verða greiddir til allra þann
1. september nk. og að leiðréttingar verða greiddar út þann
1. október nk. Ekki var vitað hvort önnur sveitarfélög á svæð-
inu ætluðu að miða við 1. ágúst eða 1. september.



*Starfsmenn Enor
óska félagsmönnum Einingar-Íðju
gledilegs sumars og ánægjulegs sumarfrís*

The new agreement - details



After a tough battle and strike action, an agreement has been negotiated and was signed on 29 May 2015. The agreement is significantly better than the 3.5% raise initially offered. This achievement can first and foremost be attributed to the unity and steadfastness of our members in focusing on raising the lowest wages. The main demands of SGS revolved around ensuring that lowest wages would increase to ISK 300,000 over the next three years. This goal has been achieved by means of an income guarantee for 2018. In addition, a special agreement to raise the pay of fisheries workers has been achieved. As a member, you are kindly requested to familiarise yourself with the agreement and make your opinion known by voting.

Validity period

The agreement is valid from 1 May 2015 to 31 December 2018. The agreement may be terminated each year if any of the underlying criteria cease to exist. These include: increased purchasing power; use of this agreement as a basis for policy formulation for other groups; and the honouring of promises made by the Government in connection with this agreement.

Wage increases

- 1 May 2015: Pay-scales increase by ISK 25,000. Pay adjustment guarantee in same job from 1 February 2014: Wages under ISK 300,000 increase by a minimum of 7.2%, decreasing proportionately to 3.2% up to ISK 750,000. Minimum wage increase is 3.2%.
- 1 May 2016: Pay-scales increase by ISK 15,000, 5.5% pay adjustment guarantee.
- 1 May 2017: Wage rate increase of 4.5%, general increases 3%.
- 1 May 2018: Wage rate increase of 3%, general increases 2%.

In addition, the starting-wage bracket is moved up to the one-year bracket and the lowest wage categories deactivated. Wage earners may therefore be transferred between brackets and thereby increase their wages in excess of that specified by the rate increases, with workers in the lowest brackets gaining the most.

Minimum income

Minimum income for a full-time position, i.e. 173.33 hours worked per month (40 hours per week) for an employee who has reached the age of eighteen and has worked for at least six months in the same company (for a minimum, however, of 900 hours) will be:

- | | |
|--------------|-----------------------|
| • 1 May 2015 | ISK 245,000 per month |
| • 1 May 2016 | ISK 260,000 per month |
| • 1 May 2017 | ISK 280,000 per month |
| • 1 May 2018 | ISK 300,000 per month |

Holiday allowance and December bonuses

Holiday allowances increase during the agreement period by ISK 8,500, i.e. just under 22%. December bonuses increase during the agreement period by ISK 15,400, i.e. by 21%.

	Holiday allowance	December bonus
Before the agreement	39,500	73,600
1 May 2015	42,000	78,000
1 May 2016	44,500	82,000
1 May 2017	46,500	86,000
1 May 2018	48,000	89,000

Young people

The wages of those aged eighteen are 98% of the starting wages of those aged twenty. After six months and a minimum of 700 working hours in the same profession after the age of sixteen (aggregate), those aged eighteen receive the same pay as those aged twenty.

- The wages of those aged 17 are 89% of the starting wage of those aged 20.
- The wages of those aged 16 are 84% of the starting wage of those aged 20.
- The wages of those aged 15 are 71% of the starting wage of those aged 20.
- The wages of those aged 14 are 62% of the starting wage of those aged 20.

Fish-processing sector

Fish-processing workers rise by two wage brackets after seven years with the same company and after completing both training courses. The minimum bonus is guaranteed at ISK 220 and increases more than general wage increases, in total by 12.4% in 2015.

Other provisions

At the end of 2016, there will be a vote on changes to working hours. These have yet to be negotiated specifically, and the same applies to additional wage increases involved in such changes. These changes are independent of this agreement.

Worker skills shall be valued toward pay increases by means of training and real competence assessments. This work must be completed by autumn 2016.

Additions and amendments were made to sections relating to construction workers, machine operators, coach drivers, meat processors and cleaning staff. These changes relate to the increase in the number of professional titles, education and working environment.

Nowa umowa - szczegóły

Po ostrych starciach i działaniach strajkowych osiągnięto/zawarto umowy które podpisane zostały 29 maja 2015 r. Umowy są znacznie lepsze niżeli 3,5% podwyżki które były początkowo proponowane, dzięki solidarności pracowników i woli do walki nowe umowy zostały zawarte tam gdzie nacisk jest kładziony na wzrost najniższego wynagrodzenia. Głównym żądaniem Stowarzyszenia Związków Pracowniczych/SGS/ było aby najniższe wynagrodzenie wzrosło do 300 tysięcy w ciągu trzech lat i to żądanie zostało osiągnięte poprzez zagwarantowanie tego wynagrodzenia w 2018 roku. Ponadto osiągnięto szczególną podwyżkę dla pracowników przetwórstwa rybnego.

Drogi związkowcu, zapoznaj się z umową i podejmij decyzję poprzez głosowanie!

Czas obowiązywania

Umowa obowiązuje od 1 maja 2015r. do 31 grudnia 2018r. Każdego roku można wypowiedzieć umowę jeśli kryteria takie jak poniżej wymienione nie zostaną spełnione: wzrost możliwości nabywczych, dotrzymanie obietnicy danej przez rząd dotyczącej umów. Umowę będzie można wypowiedzieć jeżeli umowy w innych sektorach (grupach) będą o wiele korzystniejsze.

Podwyżki

- 1 maja 2015 r.: płace wzrosną o 25.000 kronur. Gwarantowana podwyżka płac w tej samej pracy od 1 lutego 2014 roku: Wynagrodzenie poniżej 300.000 kronur wzrasta minimalnie o 7,2% i stopniowo się zmniejsza do 3,2% do 750.000 kronur. Minimalna podwyżka wynagrodzenia wynosi 3,2%.
- 1 maja 2016 r. :płace wzrosną o 15.000 kr. Gwarantowana podwyżka płac 5,5%
- 1 maja 2017r. : stawki wynagrodzenia wzrosną o 4,5%, ogólne podwyżki 3%
- 1 maja 2018 r.: stawki wynagrodzenia wzrosną o 3%, ogólne podwyżki 2%

Dodatkowo początkowe skale wynagrodzeń (kategorie płac) zostały przeniesione do pułapu 1 roku wynagrodzenia i najniższe skale(widełki) są nieaktywne. Pracownicy mogą przemieszczać się w systemie stawkowym i zwiększyć w taki sposób wynagrodzenie o te podwyżki o których jest mowa,najwięcej zyskują na podwyżkach osoby z najniższych widełek (tabeli) wynagrodzeń.

Najniższe wynagrodzenie

Najniższe wynagrodzenie za pracę na pełny etat, 173,33 przepracowane godziny w ciągu miesiąca (40 godzin tygodniowo), będzie dla tych pracowników którzy po 18 roku życia przepracowali co najmniej sześć miesięcy w tym samym zakładzie pracy(jednak co najmniej 900 roboczogodzin):

- 1 maja 2015r. 245.000 kronur na miesiąc
- 1 maja 2016r. 260.000 kronur na miesiąc
- 1 maja 2017r. 280.000 kronur na miesiąc
- 1 maja 2018r. 300.000 kronur na miesiąc

Dodatek wakacyjny i dodatek świąteczny/grudniowy

Dodatek wakacyjny wzrasta o 8.500 kronur lub o około 22% w okresie obowiązywania umowy.

Dodatek świąteczny wzrasta o 15.400 kronur lub o 21% w okresie obowiązywania umowy.

	Dodatek wakacyjny	Dodatek świąteczny
dla umów	39.500	73.600
1.mai.15	42.000	78.000
1.mai.16	44.500	82.000
1.mai.17	46.500	86.000
1.mai.18	48.000	89.000

Wynagrodzenie dla młodzieży

Wynagrodzenie 18 latków wynosi 95% z wynagrodzenia początkowego 20 latków, po 6 miesiącach i minimalnie 700 roboczogodzin w danym zawodzie po 16 roku życia (kumuluje się, zbiera) przechodzą 18 letnie osoby na wynagrodzenie 20 latków.

- Wynagrodzenie 17 latków wynosi 89% z wynagrodzenia początkowego dla 20 latków.
- Wynagrodzenie 16 latków wynosi 84% z wynagrodzenia początkowego dla 20 latków.
- Wynagrodzenie 15 latków wynosi 71% z wynagrodzenia początkowego dla 20 latków.
- Wynagrodzenie 14 latków wynosi 62% z wynagrodzenia początkowego dla 20 latków.

Przetwórstwo rybne

Wynagrodzenie pracowników przetwórstwa rybnego wzrasta o dwie tabele wynagrodzeń po przepracowaniu 7 lat w tym samym zakładzie pracy i ukończeniu obydwu kursów. Minimalny gwarantowany bonus 220 kronur, bonus wzrósł więcej niżeli zwykle podwyżki łącznie o 12,4% w roku 2015.

Inne postanowienia

Pod koniec 2016 roku odbędzie się głosowanie o **zmianie czasu pracy** lecz o tym należy szczególnie pertraktować oraz o tym jakie w związku z tymi zmianami nastąpią dodatkowe podwyżki. Zmiany te nie są zależne od tej umowy.

Umiejętności pracowników mają być brane pod uwagę do wynagrodzenia poprzez szkolenia i praktyczną ocenę umiejętności pracowników. Prace te mają być zakończone jesienią 2016 roku.

Uzupełnienia i zmiany zostały dokonane etapami w dziedzinach dotyczących pracowników budowlanych, operatorów maszyn,kierowców autokarów, w przetwórstwie mięsnym i sprzątaniu. Zmiany te spowodowały powstanie nowych stanowisk pracy, rozwój szkolenia pracowników oraz wyposażenia i sprzętu.



Aðalfundur Einingar-löðu

Fjölmennur aðalfundur Einingar-löðu var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri fimmtudaginn 16. apríl sl. Á fundinum var farið yfir ársreikninga félagsins og einnig voru kosnir 37 fulltrúar Einingar-löðu á ársfund Stapa. Í skýrslu stjórnar fjallaði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. um starfið hjá félaginu. „Aðalfundur er uppgjör stjórnar til félaganna. Það getur oft verið erfitt að taka ákvarðanir fyrir um 7.000 félags-

menn og felst í því mikil ábyrgð. Stjórnin hefur reynt eftir sinni bestu sannfæringu að vinna þannig að okkur farnist sem best. Ábyrgð innan verkalyðsfélags fylgir mikið starf og stundum vanþakklátt, þar sem fyrir kemur að stjórnarfolk verði fyrir óþægilegum athugasemdum og jafnvel árásum vegna starfa sinna.

Starfið í félagi eins og Einingu-löðu er þó aldrei meira en það sem félagarnir vilja sjálfir. Áhuga-

og afskiptaleyzi í þessum málaflokki er lenska í þjóðfélaginu í dag. Þar kemur sjálfsgagt margt til. Hugsanlega finnst sumum að aðrir eigi að sjá um þessi mál, en ef einstaklingur hefur ekki áhuga á launum sínum eða réttindum, hvað er þá til ráða?

Trúnaðarmennirnir á vinnustöðunum eru okkar akkeri í vinnunni sem fram fer í félaginu, vinnufélagarnir ætlast til þess að þeir mæti á fundi og segi þeim síðan hvað hafi verið gert á fundinum. Það væri síðan náttúrulega best að drífa sig sjálfur á almenna fundi í félaginu og hlusta, en ekki síst að geta komið sínum málum á framfæri við stjórnina.

Af hverju er ég að fjalla um þetta? Það er vegna þess að menn eru oft mjög dómharðir á þá vinnu sem fram fer í félaginu og þá helst þeir sem aldrei mæta á fundi eða sinna öðru því sem félagið er að gera. Það er svo auðvelt að „blogga“ með kvart og kvein. Það er auðveldara að sitja fyrir framan tölvuna en að standa fyrir framan þá sem verið er að gagnrýna. Niðurstæða könnunar sem Capacent gerði fyrir okkur í fyrra sýndi samt að tæplega 94% félagsmanna voru ánægðir með þjónustu félagsins, en þeir sem voru óánægðastir með hana voru þeir sem ekki höfðu nýtt sér neina þjónustu!!! Á hverju byggja þeir þá sitt mat? Er það af afspurn eða er eitthvað annað á bak við? Könnunin sýndi einnig að 62% félagsmanna höfðu nýtt sér einhverja þjónustu frá félaginu sl. 12 mánuði. Það er frábært. Þrátt fyrir allt, hefur yfirleitt ekki verið vandamál að fá fólk til trúnaðarstarfa hjá okkur, frekar hefur verið



sóst eftir því en hitt," sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar á fjölmönnum aðalfundi félagsins.

Björn sagði einnig að framundan væri erfitt vor í samningum og að það mundu verða átök á vinnumarkaði. „Ég er hræddur um að það muni engir samningar nást nema að verkfallsvopninu verði beitt. Ósanngirni Samtaka atvinnulífsins í garð launafólks er engu lík. Síðan í október hefur Starfsgreinasamband Íslands, en Eining-löja er þar innanborðs, verið í samningaviðræðum við SA, fyrst um allskonar sérmál en síðan í byrjun febrúar um launamál og er skemmst frá því að segja að ekkert hefur gengið. Málinu var vísað til ríkissáttasemjara og hafa verið haldnir margir fundir, sem engum árangri hafa skilað. Atvinnurekendur tryggja sömu tugguna um að allt fari á hliðina í þjóðfélaginu ef almennt verkafólk fær leiðréttingu á launum sínum og ekki má gleyma söngnum um verðbólguna og vextina sem muni fara á flug. Þessi söngur er mjög þreytandi og áleitinn, og stundum finnst manni eins og það sé vísitandi verið að vona að þetta síst inn og fólk fari að trúa því að þetta muni gerast.“

Mikil fjölgun

Mikil fjölgun varð í félaginu á síðasta starfsári, 846 einstaklingar gengu í félagið, en 128 gengu úr því, þannig að í raun fjölgaði um 718 manns. „Það er alltaf nokkuð um að menn vilji vera áfram í félaginu, þó að þeir hafi farið yfir á önnur félagssvæði, á hinn bóginn er svo líka að fólk sem flyst á okkar svæði vilji vera áfram í sínu gamla félagi. Við reynum að leysa þessi mál í rólegheitum, þegar þau koma upp. Við höfum gjarnan sagt því fólki sem vill halda áfram hjá

okkur að við viljum gjarnan hafa það áfram, en skv. samningum eigi félagsaðildin að vera í því félagi sem fer með samningsréttinn á viðkomandi svæði. Með félagsgjaldagreiðslunni er verið að greiða fyrir aðstoð, ef á þarf að halda. Einnig

geta komið upp mjög óþægileg tilvik t.d. í sambandi við verkföll," sagði Björn í skýrslu stjórnar.

Í lok árs 2014 voru 183 félagsmenn Einingarlöju á atvinnuleysisráði, þ.e.a.s. þeir sem létu draga félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því



Vinningshafarnir fimm.

Vinningshafar af aðalfundi

Á aðalfundi félagsins var efnt til happdrættis. Nöfn allra, sem mættu á fundinn voru sett í kassa og svo voru nöfn fimm heppinna Einingarlöjufélaga dregin út.

Aðalvinningur kvöldsins var ferð fyrir tvo vestur á land í síðumarferð félagsins þar sem verður farið til Hólmavíkur um Strandir, Snæfjallaströnd og um Reykjanesið dagana 10. til 13. ágúst nk. Einnig voru í boði tvö gjafabréf á veitingahúsið Strikið eða Bryggjuna, hvort að upphæð kr. 10.000 og tvö gjafabréf frá Menningarfélagi Akureyrar sem nota má við miðakaup á alla viðburði í Hofi eða í Samkomuhúsinu, í hönnunarversluninni Kistu og á veitingastaðnum 1862 Nordic Bistro.





við öll tækifæri



... gera lífið léttara





ms.is



Á aðalfundinum hætti ritari félagsins, Halldóra H. Höskuldsdóttir, en hún hafði gegnt stjórnarstörfum í Einingu-Íðju síðan 1998. Með henni á myndinni er Vilhelm Adolffson, nýr ritari í stjórn félagsins.

miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum hjá félaginu. Þetta er fækkun um 20 frá árinu á undan.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-Íðju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Vilhelm Adolffson ritari og síðan svæðisfulltrúarnir fimm, þau Guðrún Þorbjarnardóttir, Sigríður Þ. Jósepsdóttir, Hafðís Kristjánsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Róbert Þorsteinsson, og formenn deildanna þriggja, þau Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Margrét H. Marvinsdóttir.

Björn sagði frá því að Dalrós J. Halldórsdóttir,

Punktur frá aðalfundi

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

4.193 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu. 725 fengu starfsmenntastyrki, 1.930 styrki úr sjúkrasjóði, 1.206 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 332 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 7.312.

Helstu styrkir úr félagssjóði. Á síðasta starfsári fékk Gjafasjóður Sjúkrahússins á Akureyri kr. 750.000, Mæðrastreksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn fengu sameiginlegan styrk að upphæð kr. 700.000 vegna jólaaðstoðar, Krabbameinsfélag Akureyrar kr. 350.000 og lónaðarsafnið á Akureyri kr. 160.000.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2014. Alls fengu 213 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 92.326.726 og 1.717 fengu styrki að upphæð kr. 20.009.561. Samtals fengu því 1.930 félagsmenn styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 112.336.287.



Fjölmörg námskeið. Haldin voru nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag og var mjög góð þátttaka á þeim. Félagið stóð fyrir starfslokánámskeiði og tóku 46 félagsmenn þátt í því. Í haust stendur til að halda samskon-

ar námskeið út með firði. Í lok nóvember hélt félagið IPAD námskeið fyrir byrjendur og tóku 12 þátt í því. Í febrúar var haldið framhaldsnámskeið fyrir IPAD notendur. Í október tóku 20 félagsmenn þátt í dyrvardánámskeiði sem haldið var í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. Í nóvember voru mörg námskeið í gangi. Þá var félagsmönnum boðið upp á námskeið í hvernig eigi að hekla snjókor. Svo góð aðsókn var á námskeiðið að bætt var við öðru námskeiði á Akureyri og einu í Fjallabyggð. 36 félagar tóku þátt í þessum þremur námskeiðum. Félagsmönnum var líka boðið upp á námskeið þar sem Snorri Guðvarðarson fór yfir vísisöguna, upphaf vísíframléiðslu og þróun til dagsins í dag. Í lok nóvember hélt félagið námskeið í kertamálun þar sem Linda Óladóttir kenndi félagsmönnum hvernig eigi að mála á kerti með „One stroke“ aðferð. Boðið var upp á

ýmis önnur námskeið, en því miður var ekki næg þátttaka til að halda þau.

Starfsmenntasjóðir. Alls fengu 725 einstaklingar, 440 konur og 285 karlar, einstaklingsstyrki úr Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt á árinu 2014. Upphæðin sem þau fengu var rúmlega 2,2 milljónum króna hærri en árið áður, eða kr. 27.064.758.



Orlofshús. Á árinu 2014 voru átján orlofshús og átta íbúðir í eigu félagsins, þar með taldar tvær sjúkraíbúðir. Í fyrra keypti félagið 10% hlut sem Bilstjórufélag Akureyrar átti í Tjarnargerði og á því húsið að fullu. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu

félagsins var Eining-Íðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýtingin var mjög góð. Einnig úthlutaði félagið 270 orlofsstyrkjum sem kallast „vika að eigin vali.“

Hvalfjarðargöng. Á síðasta ári seldi félagið um 10.000 miða í Hvalfjarðargöngin sem þýðir að félagsmenn hafa sparað sér um 3,65 milljónir með því að klíkja á einhverja skrifstofu félagsins og kaupa miða. Ef borgað er við göngin kostar hver ferð kr. 1.000 en miði hjá félaginu kostar kr. 635.



Orlofsferðir. Félagið stóð fyrir þremur orlofsferðum á síðasta ári, eins og undanfarin ár. 45 fóru í ferð til Ítalíu, 37 fóru í Fjallaferðina þar sem farið var um Austurland og um 50 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn þar sem ekið var

til Sauðárkróks, fyrir Skagann, yfir Þverárfjall og til Siglufjarðar.

Ársfundur Stapa. Á fundinum voru kosnir fulltrúar félagsins á ársfund Stapa sem fram fór í Menningarhúsinu HOFI þann 29. apríl sl. Félagið átti rétt á 37 fulltrúum í ár.

sem var ráðgjafi hjá VIRK, og Freydis Antonsdóttir, þjónustufulltrúi félagsins á Dalvík, hefðu hætt störfum hjá félaginu á starfsárinu og þakkaði hann þeim fyrir góð störf. Í stað Dalrósar var Svana Rún Símonardóttir ráðin og Íris Hauksdóttir var ráðin þjónustufulltrúi á Dalvík og voru þær boðnar velkomnar til starfa. Á starfsárinu hætti einnig Jóhanna Gunnlaugsdóttir, hús-vörður félagsins í Reykjavík, og var henni þakkað samstarfið.

„Í starfsfólki félagsins leynist mikill auður og ekki síst mikil reynsla, sem kemur okkur til góða, eða eins og ég sagði áðan voru 94% félagsmanna ánægð með þjónustuna. Við, starfsmenn félagsins, þökkum fyrir frábærar niðurstöður úr könnunni og munum reyna áfram að láta alla þá sem til okkar leita finna að við erum til staðar og til þjónustu reiðubúin að greiða úr vandamálum eins vel og okkur er auðið hverju sinni.

Á þessum aðalfundi hættir ritari félagsins Halldóra H. Höskuldsdóttir, en hún hefur gegnt stjórnarstörfum í Einingu-löju síðan 1998. Halldóra hefur unnið starf sitt af trúmennsku og vil ég þakka henni frábært samstarf í gegnum árin. Margir aðrir hafa hætt störfum fyrir félagið eins og gengur og vil ég þakka þessu ágæta fólki fyrir þeirra miklu og góðu störf í þágu félagsins.

Við, sem störfum á skrifstofunni þökkum fyrir öll góðu samskiptin á árinu og vonum að okkur hafi tekist að greiða úr sem flestu af því sem komið var með til okkar, hvort sem var í heimsóknnum, síma eða á neti. Vonandi eigum við góð samskipti áfram og berum gæfu til að gera góða hluti á komandi starfsári. Að lokum vil ég þakka öllum sem ég hef starfað með á árinu. Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á skrifstofunni og á fundum, og ekki síst á förunum vegi. Takk fyrir mig og takk fyrir hönd starfsmanna félagsins,” sagði Björn að lokum.

Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast ársskýrsluna í heild sinni, sem inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.



populær - ebbi - 2014

**MINJASAFNIÐ
Á AKUREYRI**
AKUREYRI MUSEUM

Aðalstræti 58, Akureyri • Sími/Tel. 462 4162 • minjasafnid.is

Ertu tilbúin, frú forseti?

Are you ready, Madam President?

1. júní – 15. september, opið daglega kl. 10-17
1 June – 15 September, open daily, 10am-5pm



Nýir gullmerkjahafar ásamt formanni og varaformanni félagsins.
F.v.: Anna Júlíusdóttir, Lára Einarsdóttir, Halldóra H. Höskuldsdóttir,
Herdís Ólafsdóttir og Björn Snæbjörnsson.

Þrjár sæmdar gullmerki

Á aðalfundinum voru þrír félagar sæmdir gullmerki félagsins, þær Halldóra H. Höskuldsdóttir, Lára Einarsdóttir og Herdís Ólafsdóttir. Nánar verður sagt frá aðalfundi félagsins hér á vefnum næsta mánudag.

„Hafið mikla þökk fyrir ykkar störf,” sagði Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, eftir að hann nældi gullmerk félagsins í þær. Hér fyrir neðan má lesa hvað Björn hafði um þær að segja áður en hann sæmdi þær gullmerki félagsins.

Halldóra H. Höskuldsdóttir

Hún hefur verið í stjórn Vlf. Einingar og síðan Einingar-löju frá 1998 fyrst sem formaður Almennudeildar félagsins, síðan formaður Þjónustudeildar en varð ritari félagsins 2003 og hefur gengt því starfi síðan. Halldóra hefur einnig tekið þátt í mörgum fundum og ráðstefnum sem fulltrúi okkar og setið stjórnnum og ráðum innan félagsins.

Lára Einarsdóttir

Hún hefur verið mjög virkur félagsmaður og setið í stjórnnum og ráðum, fyrst innan löju félags verksmiðjufólks og síðan Einingar-löju. Hún hefur setið í trúnaðarráði, samninganefndum og verið nokkur ár í stjórn sjúkrasjóðs félagsins. Hún hefur verið öflugur talsmaður sinna félaga og félagsins í heild.

Herdís Ólafsdóttir

Hún hefur verið mjög virkur félagsmaður og setið í stjórnnum og ráðum Einingar-löju. Hún hefur verið trúnaðarmaður á sínum vinnustöðum til fjölda ára og hefur setið í trúnaðarráði og samninganefndum félagsins. Hún hefur haft hag vinnufélaga sinna að leiðarljósi við störf sín innan félagsins.



Fjölmenni tók þátt í 1. maí hátíðarhöldum



Mikið fjölmenni safnaðist saman í ágætis veðri á Akureyri þann 1. maí sl. til að taka þátt í kröfugöngu sem stéttarfélagin á Akureyri stóðu fyrir í tilefni dagsins, á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Hátt í 1.000 manns tóku þátt í göngunni á Akureyri og einnig var góð mæting í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð.

Kjörorð dagsins voru; „Jöfnuður býr til betra samfélag.“ Gengið var frá Alþýðuhúsinu gegnum miðbæinn að Ráðhústorgi og svo niður í Menningarhúsið HOF, þar sem fram fór hátíðardagskrá í tilefni dagsins. Anna Júlíusdóttir, varaformaður Einingar-löju, flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði, þar sem Sveppi og Villi fóru á kostum. Þá söng Jónas Þór Jónasson „Nallann“ í upphafi fundar og lauk hátíðinni með því að syngja Maístjörnuna við undirleik Pálma Björnssonar. Að dagskrá lokinni var boðið upp á glæsilegt kaffihlaðaborð í Menningarhúsinu HOFI.

Anna sagði m.a. í ávarpinu að 1. maí, baráttudagur verkalyðsins, var fyrrum mikilvægur dagur í lífi íslensks verkafólks, og hann er það ekki síður í dag, þegar launafólk í landinu stendur í harðvítugri kjarabaráttu með tilheyrandi verkfallsaðgerðum.

1. maí ávarp stéttarfélaganna við Eyjafjörð 2015

Góðir félagar!

Fyrsti maí, baráttudagur verkalyðsins, var fyrrum mikilvægur dagur í lífi íslensks verkafólks, og hann er það ekki síður í dag, þegar launafólk í landinu stendur í harðvítugri kjarabaráttu með tilheyrandi verkfallsaðgerðum.

Á þessum degi gengur launafólk undir rauðum fána og leikinn er alþjóðasöngur verkalyðsins, Internasjónalinn. Rauði liturinn á fána verkalyðshreyfingarinnar táknar **uppreisn gegn ranglæti**, sem einmitt er táknrænt fyrir þá baráttu sem íslenskt launafólk stendur í um þessar mundir. Rauði liturinn táknar líka að „nú sé nóg komið“, auk þess sem hann táknar **dagrenninguna** – tákn **nýrra tíma**.

Stundum er því haldið fram að baráttufundirnir á þessum degi séu úreltir og eigi ekki lengur við. Nær væri að við værum samankomin á fjölskylduskemmtunum og gerðum okkur glaðan dag í sumarbyrjun, eftir langan og dimman vetur. Kröfugöngurnar 1. maí hafa vissulega breyst með árunum, **en kröfurnar hafa raunverulega ekkert breyst!**

Við berjumst **enn** gegn taumlausri græðgi auðvaldsins.

Við berjumst **enn** fyrir jöfnum möguleikum allra í þjóðfélaginu.

Við berjumst **enn** fyrir réttlátara samfélagi, frelsi, jafnrétti og bræðralagi.



Þegar sagan er skoðuð sjáum við að vissulega hefur verkalyðshreyfingin unnið sigra, þess vegna er 1. maí táknrænn í hugum launafólks og 1. maí er ekki síður táknrænn í hugum okkar fyrir framtíðina og þá baráttu sem við eigum í núna, þegar fréttir af verkföllum - eða væntanlegum verkföllum – einkenna alla þjóðfélagsumræðuna.

Góðir félagar!

Í gær hófust verkfallsaðgerðir Starfsgreinasambands Íslands og þær halda áfram í þessum mánuði, náist samningar ekki. Aðgerðirnar ná til yfir 10 þúsund félagsmanna aðildarféлага sambandsins og munu hafa mikil áhrif á fjölda vinnustaða um land allt. Atkvæðagreiðsla vegna verkfallsboðunarinnar sýndi og sannaði að félagsfólk lætur ekki bjóða sér kjarabætur sem mældar eru í örfáum krónum, á meðan samið er við aðrar stéttir um verulegar hækkanir.

Allar aðgerðir sem launþegar grípa til, eru því á ábyrgð vinnuveitenda, sem neita að horfast í augu við staðreyndir. Ef Íslendingar ætla sér að verða samkeppnishæfir við aðrar þjóðir, verða launakjörin að vera sambærileg við aðrar þjóðir. Það er svo einfalt. Launþegar eru ákveðnir í að rétta sinn hlut, lögfræðingar og hagfræðingar vinnuveitenda geta engu breytt í þeim efnum. Strengjum þess heit á þessum degi að samstaðan verði okkar helsta vopn!

Kröfugerðir launþega eru sanngjarnar og hógværar og þjóðin stendur með okkur. Þegar kröfugerðirnar voru mótaðar á síðasta ári, leituðust félögin við að hafa víðtækt samráð við félagsmenn, meðal annars voru gerðar skoðanakannanir, þar sem leitað var eftir hugmyndum að launapáttum kröfugerðanna.

Við viljum einfaldlega lifa mannsæmandi lífi, en þurfa ekki að treysta á mikla yfirvinnu til þess að láta heimilisbókhaldið ganga upp. Harkaleg viðbrögð vinnuveitenda um að allt fari á hausinn, verði gengið að kröfum okkar, fellur ekki í góðan jarðveg hjá þjóðinni. Helstu atvinnuvegir þjóðarinnar ganga vel og því fagnar launafólk, en við gerum þá kröfu að hagnaðurinn renni ekki rակleitt í vasa eigendanna, sem halda að nóg sé að stinga íspinna upp í verkafólkið, en hækka stjórnarlaun á sama tíma.

Góðir félagar!

Samstaða er okkar **beittasta** vopn!

Rauði liturinn í fánanum táknar að **nú sé nóg komið!**

Og það er **sannarlega** nóg komið!

Við skulum strengja þess heit að þessi dagur þjappi okkur enn frekar saman! Launafólk er ekki dauð tala í excelskjali, sem hagfræðingar geta leikið sér með! Við vitum að kröfur okkar eru sanngjarnar og raunhæfar!

Launþegar!

Horfum til framtíðar á þessum degi, þjóðin stendur með okkur í kjarabaráttunni!

Réttlætið er okkar megin!

Til hamingju með 1. maí „Baráttudag verkalyðsins“!



**Sendum félagsmönnum Einingar-löju
sumarkveðjur**



Gott að vita

Vert er að minna félagsmenn á eftirfarandi sem hægt er að kaupa á skrifstofum félagsins og veitir ágæta kjarabót. Allar nánari upplýsingar má fá á heimasíðu félagsins.

Hvalfjarðargöng

Hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum félagsins á kr. 635. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey, á Grenivík og Grímsey.

Hótel Edda

Félagið selur félagsmönnum greiðslumiða fyrir gistingu á öllum Edduhótel landsins. Verð miða er kr. 7.000. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn. Greiðslumiðana má nota á öllum Eddu-hótelum sem eru 12, hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistið. Gangið úr skugga við pöntun um að hótelið bjóði upp á herbergi með handlaug. Á Hótel Eddu Höfn, Vík, Neskaupsstað, ÍKÍ Laugarvatni og Egilsstöðum er einungis herbergi með baði, þar þarf að nota tvo gistið. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótela fyrir sumarið 2015 á slíkt herbergi að kosta kr. 23.300.

Athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef nota á gistið. Leyfilegt er að taka með sér 1 til 2 börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Eddu-hótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf. Nánari upplýsingar um hótelið má finna á heimasíðunni www.hoteleda.is

Fosshótel

Félagið selur einnig félagsmönnum niðurgreidda gistið á öllum Fosshótel landsins. Verð miða er kr. 7.500 og gildir hann fyrir árið 2015. Hver miði

gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Á háannatíma, í júní, júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistið. Fosshótel bjóða upp á gistingu á níu hótelum og er í boði fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða tveggja til þriggja stjörnu heilsárshótel. Fosshótelin eru reyklaus hótel. Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistið. Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

Útilegukortið

Félagsmenn geta keypt Útilegukortið á kr. 9.000 en fullt verð er kr. 15.900. Kortið veitir aðgang að 42 tjaldsvæðum hringinn í kringum landið. Nú er hvert kort takmarkað við 28 gistinætur á hverju sumri. Korthafar verða því að framvísa kortinu fyrir hverja nótt sem gist er á tjaldstæðinu og verður þá ein gistinótt strikuð út hverju sinni.

Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin. Kortið veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en þó má ein-ungis gista í fjórar nætur samfelld í hvert skipti. Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

Veidikortið

Félagsmenn fá Veidikortið á sérkjörum á aðeins kr. 2.500, fullt verð er kr. 6.900. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang í 38 veiðivötn víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra. Með Veidikortinu fylgir veglegur bæklingur með ýtarlegum upplýsingum um veiðisvæði með kortum og myndum.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is

Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?

Fylgstu með á Félagavefnum og fáðu upplýsingar um stöðu þína. Félagsgjöld til Einingu-löju eru 1 % af launum og sér vinnuveitandi um skil þeirra til félagsins.

Til að viðhalda fullgildum félagsrétti í Einingu-löju þurfa félagsgjaldsgreiðslur að berast reglulega. Ef ekkert félagsgjald er greitt í sex mánuði samfelld fellur viðkomandi félagsmaður af félagsskrá.

Með greiðslu lágmarksfélagsgjalda koma tiltekin réttindi. Hjá Einingu-löju hafa félagsmenn rétt til:

- ★ Upplýsinga um réttindi og skyldur,
- ★ Aðstoðar við túlkun kjarasamninga,
- ★ Aðstoðar við gerð ráðningarsamninga,
- ★ Aðstoðar við útreikninga á launum og innheimtu,
- ★ Aðstoðar ef upp kemur ágreiningur á vinnustað,
- ★ Lögræðiaðstoðar tengda kjaramálum,
- ★ Aðstoðar í veikindum í gegnum sjúkrasjóðinn,
- ★ Styrkja til forvarna og endurhæfingar,
- ★ Niðurgreiðslu á námi og námskeiðum,
- ★ Aðgangs að orlofshúsum.

Upphæð félagsgjalda og nafn stéttarfélags á að koma fram á launaseðli. Á Félagavef Einingu-löju á www.ein.is er hægt að fylgjast með skilum félagsgjalda og sjá yfirlit yfir greidd félagsgjöld aftur í tímann. Einingu-löja hvetur félagsmenn til að skoða launaseðilinn sinn vel og fylgjast með skilum félagsgjalda á Félagavefnum.

NÝTT 2015



Gistimiðar á Keahótel

Í ár var ákveðið að hafa til sölu fyrir félagsmenn gistið á nokkur Keahótel sem niðurgreiddir eru af félaginu. Miðarnir eru til sölu á öllum skrifstofum félagsins.

Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun verður að koma fram að greitt verði með gistið. Morgunverður af hlaðborði er innifalinn á öllum hótelum Keahótela.

1. júní -31. ágúst 1. sept. -1. júní
Pr. nótt Pr. nótt

Hótel Kea Akureyri

Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 19.000.-	Kr: 11.000.-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 25.000.-	Kr: 14.000.-


Hótel Norðurland Akureyri

Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 19.000.-	Kr: 8.000.-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 24.000.-	Kr: 9.000.-

Reykjavík Lights í Reykjavík og Hótel Gígur í Mývatnssveit

Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 19.000.-	Kr: 9.000.-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 24.000.-	Kr: 11.000.-

LAUS HÚS Í SUMAR – Fyrstur pantar – fyrstur fær!



Við viljum minna félagsmenn á að enn eru orlofshús laus í sumar, hús sem ekki gengu út í úthlutun eða voru ekki staðfest innan greiðslufrests. Áhugasamir geta kíkt á **Félagavefinn** á heimasíðu félagsins, www.ein.is, þar sem sjá má hvaða hús eru enn laus og jafnframt bókað þau. Þeir sem ekki eru enn komnir með aðgang að Félagavefnum geta hringt á skrifstofur félagsins í síma 460 3600, eða mætt til okkar og fengið upplýsingar um laus hús.

Sendum félagsmönnum Einingar-Íðju sumarkveðjur



SAMHERJI HF



SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR



FERÐASKRIFSTOFA
AKUREYRAR



Alþýðusamband Íslands



SPARISJÓÐUR
Siglufjarðar



Pakkhúsið · Hafnarstræti 19 · Opnir alla virka daga kl. 9-17
Sími 466 1600 · www.kaupa.is



Útrás
Smiðja
Sími 461 2911 / 896 3280

Frábær dagsferð

Árleg eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga var farin mánudaginn 22. júní sl. Lagt var af stað frá Alþýðuhúsinu á Akureyri

kl. 9:00 og farið austur í Kelduhverfi. Það var tekið smá stopp og farið í skoðunarferð á Húsavík áður en hádegisverður var borðaður í Skúlagarði. Þaðan var farið í Ásbyrgi og svo að Hafragilsfossi, en Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss mynda einstaka fossaröð í Jökulsá á Fjöllum.

Næst var farið í Mývatnssveit þar sem drukk- ið var kaffi í Hótel Reyni- hlið. Að því loknu var ekið til Akureyrar á ný með smá viðkomu í Dyngjunni, sem er hand- verksmarkaður í Mý- vatnssveit, og á Fosshóli. Látum myndirnar tala sínu máli.

Fleiri myndir úr ferðinni má finna í myndasafninu á heimasíðu félagsins, www.ein.is



Fræðslusjóðir – hækkun styrkja

Stjórnir fræðslusjóðanna þriggja sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt, hafa samþykkt eftirfarandi hækkunir á einstaklingsstyrkjum úr sjóðunum.



Landsmennt - fræðslusjóður verkafólks á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS

Stjórn Landsmenntar hefur samþykkt að hækka hámarksupphæð einstaklingsstyrkja í kr. 70.000 frá og með 1. júlí sl. Upphæð styrkja er miðuð við greidd iðgjöld síðustu 12 mánaða en hægt er að fá styrk (þá lægri) eftir 6 mánaða aðild. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en kr. 70.000 eða mest 75% kostnaðar.

Hækkun á geymdum rétti (uppsafnaður réttur) er eftirfarandi:

- ♦ 2015 verður hægt að taka út kr. 190.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið. Ferða-kostnaður vegna náms getur að hámarki orðið kr. 70.000. (nær til náms sem hefst eftir 1.júlí 2015)

- ♦ 2016 verður hægt að taka út kr. 200.000 og 2017 verði upphæðin orðin kr. 210.000.

Ekki hefur verið gerð breyting á styrkjum til meiraprófs eða til tólmstundanámskeiða. Hækkunin nær til þess náms sem hefst eftir 1. júlí 2015.



Ríkismennt - þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS

Stjórn Ríkismenntar hefur samþykkt að hækka hámarksupphæð einstaklingsstyrkja í kr. 75.000 frá og með 1. júní sl. Upphæð styrkja er miðuð við greidd iðgjöld síðustu 12 mánaða en hægt er að fá styrk (þá lægri) eftir 6 mánaða aðild. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en kr. 75.000 eða mest 75% kostnaðar.

Hækkun á geymdum rétti (3ja ára) verður til samræmis við þessa hækkun kr. 225.000.-

Hækkunin nær til náms/námskeiða sem hefjast



Sveitamennt - starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS

Stjórn Sveitamenntar hefur samþykkt að hækka hámarksupphæð einstaklingsstyrkja í kr. 75.000 frá og með 1. júní sl. Upphæð styrkja er miðuð við greidd iðgjöld síðustu 12 mánaða en hægt er að fá styrk (þá lægri) eftir 6 mánaða aðild. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en kr. 75.000 eða mest 75% kostnaðar.

Hækkun á geymdum rétti (3ja ára) verður til samræmis við þessa hækkun kr. 225.000.-

Hækkunin nær til náms/námskeiða sem hefjast eftir 1. júní 2015. Engin breyting er á styrkjum til meiraprófs eða styrkjum til tólmstundanámskeiða.

FÁÐU FRÉTTIRNAR BEINT Í AÐ!

Heimasíðan er aðgengileg fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

www.ein.is - lifandi vefur þar sem þú finnur m.a.

Fréttir
Félagavefinn
Upplýsingar
Kjarasamninga
Kaup-taxta
Lög og reglugerðir

Skráðu þig á póstlista félagsins!

EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRD UM RÉTTINDI ÞÍNU!

Eining-Íðja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni!

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð / 460 3600



Skannaðu kóðann og kíktu á **www.ein.is**





Ný stjórn Stapa sem kosin var á fundinum ásamt varamönnum.

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs



Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri, miðvikudaginn 29. apríl sl. Mæting á fundinn var góð og fór hann vel fram. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 37 fulltrúar frá Einingu-löju áttu rétt á setu á fundinum þar sem Ágúst Torfi Hauksson, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2014. Þá fór Kári Arnór Kárason framkvæmdastjóri yfir ársreikning sjóðsins og áritanir og tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson gerði grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu. Var ársreikningur sjóðsins samþykktur samhljóða að yfirferð lokinni. Einnig kynntu fjárfestingarstjóri Arne Vagn Olsen og áhættustjóri Jóna Finndís Jónsdóttir fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins.

Á fundinum voru gerðar umtalsverðar breytingar á samþykktum sjóðsins. Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingunum. Með þessum breytingum hefur

sjóðurinn tekið upp nýtt réttindaávinnslukerfi, sem ætlað er að tryggja betur samræmi milli eigna og skuldbindinga sjóðsins. Unnið hefur verið að þessu nýja kerfi sl. 3 ár og hefur það verið til kynningar víða þ.m.t. hjá aðildarfélagum sjóðsins. Gert er ráð fyrir að nýja kerfið komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016. Þá var samhljóða samþykkt tillaga að Deloitte ehf. sem löggiltum endurskoðenda sjóðsins og einnig tillaga að óbreyttum stjórnarlaunum frá síðasta ári.

Ágúst Torfi stjórnarformaður kom víða við er hann flutti skýrslu stjórnar. M.a. kom fram að árið 2014 hefði verið gott rekstrarár fyrir Stapa. Rekstur sjóðsins gekk vel og á það bæði við um almenna starfsemi hans og afkomu. Hann fjallaði fyrst og fremst um þá breytingu sem lögð var til á réttindakerfi sjóðsins, en hann sagði þó einnig frá samkomulagi við Glitni sem hefur verulega þýðingu fyrir sjóðinn og var gert eftir að síðasta reikningsári lauk. „Í samkomulaginu er kröfum Glitnis vegna afleiðusamninga að fullu skuldajafnaðar á móti kröfum sjóðsins á hendur Glitni. Sjóðurinn er því ekki að greiða Glitni neina peninga og enga dráttarvexti.“ Hann sagði einnig að hann hefði verið talsmaður þess að útljá slík deilumál fyrir dómstólum, en að það hefði tekið óheyrilegan tíma og að það hefði sýnt sig að íslenskir dómstólar virðast forðast að taka efnislega afstöðu til viðskipta af þessu tagi og niðurstöður geta verið mjög atvikabundnar. „Þetta hefur leitt til þess að mál sem í eðli sínu eru mjög áþekkt hafa fengið gerólíka niðurstöðu fyrir dómstólum. Því var erfitt að gera sér grein fyrir líklegri útkomu. Þegar tekið er tillit til þessa og einnig til dráttavaxtaáhættunnar var það mat stjórnarinnar að réttlæt看legt væri að ganga til samninga. Uppgjörið er mjög í samræmi við það mat sem gengið var út frá við gerð ársreikningsins. Má því segja að málum sem tengjast hruginu og einhverju skipta sé að fullu lokið. Þetta dregur verulega úr óvissu í bókum sjóðsins.“



Af hverju nýtt réttindakerfi?

Ágúst Torfi sagði að í kjölfar efnahagshrunsins, sem varð hér á landi 2008, fór tryggingafræðileg staða sjóðsins úr því að vera jákvæð í neikvæða stöðu. „Því var ljóst að eignir sjóðsins stóðu ekki undir verðmætum þeirra lífeyrisréttinda sem sjóðfélagar áttu hjá sjóðnum eins og þau höfðu verið reiknuð miðað við gildandi samþykktir. Samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins þarf að leiðrétta slíkan mun með skerðingu réttindanna. Slík aðgerð er alltaf bæði sársaukafull og erfið. Reynslan sýnir að lækkanir á réttindum eru félagslega erfiðar og tilhneigingin er að leggja til minni lækkanir en nauðsynlegar eru til að ná fram fullkomnum jöfnuði á milli eigna og skuldbindinga. Hluta af vandanum er því jafnan skotið á frest í þeirri von að ávöxtun í framtíð muni brúa bilið.“

Miklar umræður spunnust, bæði innan sjóðsins og meðal aðildarfélagum, um með hvaða hætti eignir og skuldbindingar yrðu jafnaðar. Bæði hvernig það væri gert, að hve miklu leyti og hvort það ætti að gerast í einni aðgerð eða í áföngum. „Fram komu hugmyndir um að í samþykktir sjóðsins ætti að setja ákvæði þess efnis að hann yrði alltaf núllstilltur á hverjum ársfundi, þannig að aldrei væri um mismun á eignum og skuldbindingum að ræða til lengri tíma. Sjóðfélagar væru því að fá réttindi á hverjum tíma, sem væru í samræmi við eignastöðu sjóðsins. Ljóst var að ef jöfnunin yrði framkvæmd í einu skrefi hefði hún umtalsverð áhrif, ekki sist á hag lífeyrisþega sem farnir væru að lifa á lífeyri sínum og hefðu væntingar um að hann yrði svipaður til framtíðar lítið. Um þetta voru því skiptar skoðanir.“

Ágúst Torfi sagði að niðurstaðan hefði því orðið að áfangaskipta leiðréttingunni, auk þess sem ekki var leiðrétt að fullu til að jafna eignir og áfallnar skuldbindingar. „Sjóðurinn var því skilinn eftir með mínus sem ekki hefur enn verið að fullu jafnaður. Þetta leiddi til þess að innan stjórnar sjóðsins fór af stað umræða um hvort núverandi fyrirkomulag væri í raun heppilegt miðað við stöðuna eins og hún er núna og eðli sjóðsins.“ Því ákvað stjórnin, í samvinnu við tryggingastærðfræðing sjóðsins, að kanna hvort ekki mætti breyta réttindakerfinu þannig að meira jafnvægi væri á milli eigna og skuldbindinga á hverjum tíma. „Æskilegt væri að slíkt jafnvægi væri innbyggt í kerfið, en ekki þyrftu að koma til sérstakar samþykktir stjórnar eða ársfundar líkt og nú er. Auk markmiða um jafnvægi milli eigna og lífeyrisskuldbindinga vildi stjórnin einnig stefna að kerfi, þar sem sérstaklega yrði hugað að hagsmunum lífeyrisþega, enda væri sá hópur í annarri stöðu en aðrir hagsmunaaðilar í sjóðnum. Lífeyrisþegar eru farnir að lifa af lífeyristekjum sínum og því sérstaklega viðkvæmir fyrir skerðingum. Þá fannst stjórninni mikilvægt að samtryggingareinkennum kerfisins, með ríkulegum áfallatryggingum, væri haldið en kostnaður við þær yrði sýnilegri en nú er.“

Í núverandi kerfi ávinnast réttindi í sjóðnum í samræmi við réttindatöflu í samþykktum hans, sem segir til um hvaða réttindi sjóðfélagi ávinnur sér með greiðslu tiltekins iðgjalds. „Réttindataflan byggir á lýðfræðilegum forsendum um lífslíkur, örorkutiðni o.s.frv. og því að sjóðurinn nái 3,5% raunávöxtun á starfsævi sjóðfélaga. Verði ávöxtunin önnur víkja verðmæti réttinda frá verðmætum eigna. Þar sem ávöxtun er óviss og sveiflast frá ári til árs verður þarna alltaf nokkur munur á. Til að



ná markmiðinu um meira jafnvægi má breyta kerfinu þannig að réttindi ávinnast í takt við ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma, fremur en samkvæmt fyrirfram ákveðinni réttindatöflu. Í slíku kerfi er líklegt að réttindamyndun á starfsævinni verði sveiflukenndari en nú er. Það hefur þó óverulega þýðingu á meðan sjóðfélagi er ekki að nýta sér réttindin. Á hinn bóginn felur það í sér þann ótvíræða kost að eignir duga fyrir þeim „lífeyrisloforðum“ sem eru í sjóðnum á hverjum tíma. Ekki er þá verið að „gefa loforð“ sem lítill innistæða kann að vera fyrir. Jafnframt er ekki verið að krefja fólk um að greiða inn í sjóð sem ekki er í jafnvægi. Markmiðinu að vernda lífeyrisþega sérstaklega, eftir að taka lífeyris er hafin, má ná með því að greiða þeim verðtryggðan lífeyri í samræmi við ákvæði laga, en láta sveiflur í ávöxtun að öðru leyti ekki hafa áhrif á greiðslur til þeirra. Það má hugsa þannig að við töku eftirlauna, ráðstafi sjóðfélaginn réttindum sínum, sem má jafna við að hann geri samning við sjóðinn sem tryggir honum fastan kaupmátt á meðan honum endist aldur. Með fyrirkomulagi af þessu tagi er dregið úr líkum á að lífeyrisþegar verði fyrir verulegum skakka-föllum.“

Íslenskir lífeyrissjóðir veita umtalsverðar áfallatryggingar með greiðslu örorku-, maka- og barnalífeyris. Erfitt getur verið að átta sig á því hvað þessar tryggingar kosta og ekki eru skýrar reglur í samþykktum sjóðanna um hvernig iðgjaldinu er skipt milli einstakra lífeyristegunda. „Eitt af markmiðum með

breytingum á réttindakerfi sjóðsins var að gera þennan kostnað sýnilegri og afmarka betur þann hluta iðgjaldsins sem fer til áfallatrygginga. Í því er lagt til að iðgjaldinu verði skipt milli eftirlauna annars vegar og áfallatrygginga hins vegar strax við innborgun. Þannig sé ljóst hvað hvor þáttur um sig kostar. Sá hluti iðgjaldsins sem fer til öflunar eftirlaunaréttinda er lagður í sjóð, sem kallaður er iðgjaldasjóður. Iðgjaldasjóður safnast upp yfir starfsævina og myndar réttindi sjóðfélaga til eftirlauna. Hann ávaxtast í samræmi við ávöxtun á eignum sjóðsins á hverjum tíma og tryggir þannig samhengið á milli eigna og skuldbindinga. Iðgjaldasjóðurinn er ekki séreign sjóðfélagsans heldur hlutdeild hans í sameiginlegum sjóði sem stendur á bak við eftirlaunaréttindi allra sjóðfélaga. Iðgjaldasjóður erfist því ekki við fráfall. Hver hin endanlegu lífeyrisréttindi verða kemur ekki í ljós fyrr en við töku lífeyris, en þá er iðgjaldasjóði breytt yfir í ótímabundin eftirlaun samkvæmt sérstakri töflu," sagði Ágúst Torfi og bætti við að þótt nýja kerfið feli í sér verulegar breytingar, í orði kveðnu, á því hvernig réttindi myndast eru breytingarnar minni en ætla mætti þegar horft er yfir langt tímabil. „Fyrir lífeyrissjóði sem ekki hafa bakhjarla er það alltaf ávöxtun eignanna sem ræður því hver endanlegur lífeyrir verður. Aðlögun eiga að skuldbindingum gerist í stökkum í núverandi kerfi, en sjálfkrafa frá mánuði til mánaðar í nýju kerfi. Niðurstaðan er hins vegar áþekkt og kerfisbreytingin hefur því í raun lítil áhrif á hin endanlegu lífeyrisréttindi. Miðað við 3,5% raunávöxtun gefa bæði kerfin sömu niðurstöðu. Þær hugmyndir sem nýja kerfið byggir á eru vel þekktar og margir erlendir lífeyrissjóðir byggja á svipuðum grunni.“

Í lok máls síns sagði Ágúst Torfi að samþykki ársfundur Stapa lífeyrissjóðs að taka upp þetta nýja kerfi (sem var gert) er ljóst að brotið er blað í sögu íslenskra lífeyrissjóða. „Með því hefur sjóðurinn tekið upp kerfi þar sem jafnvægi milli eigna og skuldbindinga er mun betra en nú er. Auðveldara er að skilja hvernig lífeyrisréttindin myndast og gerð er skýrari grein fyrir

því hvað áfallatryggingar, sem sjóðurinn býður upp á, kosta. Jafnframt er reynt að vernda kaupmátt lífeyrisþega, eftir að lífeyristaka er hafin, eins og kostur er. Allt eru þetta mikilvæg atriði til að tryggja sanngjarnara og skiljanlegra kerfi, sem vonandi verður góð sátt um. Verði samþykkt að taka upp nýtt kerfi er gert ráð fyrir því að það komi til framkvæmda í byrjun árs 2016.“

Hættur eftir 16 setu í stjórn

Á fundinum hætti Björn Snæbjörnsson, formaður Einingarlöju, í stjórn sjóðsins eftir að hafa setið þar í 16 ár. Í lok fundar kvaddi Ágúst Torfi, formaður stjórnar sjóðsins, sér hljóðs og þakkaði Birni fyrir gott samstarf og gott starf í þágu sjóðsins. Kári Arnór, framkvæmdastjóri Stapa, kvaddi sér einnig hljóðs og vildi koma á framfæri þökkum til Björns fyrir gott samstarf og góða viðkynningu. Hann tók fram að Björn hefði verið mjög traustur og samvirkusamur stjórnarmaður sem alltaf mætti vel undirbúinn til funda og að það væri missir af brott-hvarfi hans úr stjórninni. Fundarmenn tóku undir þessar þak-ir með dynjandi lófaklappi.

Stjórn Stapa skipa í dag:

Frá launamönnum: Huld Aðalbjarnardóttir, Sverrir Mar Albertsson, Tryggvi Jóhannsson og Þóririnn Sverrisson (formaður stjórnar) Varamenn: Erla Björg Guðmundsdóttir, Heimir Kristinsson, Kristján Eggert Guðjónsson og Sigríður Dóra Sverrisdóttir,

Frá launagreiðendum: Ágúst Torfi Hauksson (varaformaður), Erla Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Unnur Haraldsdóttir. Varamenn: Auður Anna Ingólfssdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Oddur Helgi Halldórsson og Ævar Jónsson.

Nánar má lesa um ársfundinn á www.stapi.is

Ert þú að vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili eða í annarri ferðaþjónustu?

Nokkur áhersluatriði úr kjarasamningi:

- Þeir sem verða 16 og 17 ára á árinu eiga strax að fá greitt miðað við 16 og 17 ára taxta.
- Þeir sem eru 18 og 19 ára eiga að fá 95% af byrjunarlaunum 20 ára. sjá nánari útfærslu í kjarasamningi.
- 22 ára lífaldur jafngildir starfsaldri eftir eitt ár.
- Hámarkslengd vaktar er 12 klst. og lágmark 3 klst.
- Vakt skal unnin í samfelldri heild.
- Vaktaplan skal skipulagt fyrir 4 vikur í senn, vaktaskrá skal kynnt með a.m.k. viku fyrirvara.
- Hvenær lýkur þinni vakt? Vakt skal skrá með upphaf og endi í vaktaplani. Ef slíkt er ekki skráð og málið kemur til félagsins verður viðkomandi fyrirtæki rukkað um dagvinnu og yfirvinnu fyrir hönd okkar félagsmanns.

- Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils:
- ♦ 33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - 00:00 mánudaga til föstudaga.
- ♦ 45% álag á tímabilinu kl. 00:00 - 08:00 allar nætur og laugardaga og sunnudaga.
- Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.
- Óheimilt er að hafa orlof innifalið í launataxta.
- Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum.
- Að lágmarki skal borga 4 klst. í útkalli.
- Hámarks dagvinnutími á mánuði er 173,33 klst., eftir það greiðist yfirvinna sem er 80% hærri en dagvinna.
- Ef ráðið er í vaktavinnu þarf það að koma fram á ráðningar-samningi.



Björn Snæbjörnsson, Hákon Hákonarson og Einar Hjartarson.

Aðalfundur Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum

Um miðjan maí fór fram aðalfundur orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf ásamt því að Ágúst Hafsteinsson, arkitekt hjá Form á Akureyri, greindi frá stöðu skipulagsvinnu á jörðinni.

Hákon Hákonarson, fyrrum formaður FMA, sem unnið hefur fyrir orlofsbyggðina með einum eða öðrum hætti allt frá árinu 1978 hætti sem formaður stjórnar á fundinum. Í hans stað var kosinn Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju. Einnig gekk úr stjórninni Einar Hjartarson frá FVSA sem setið hefur í henni í þó nokkuð langan tíma. Björn færði Hákon og Einari blóm frá byggðinni og þakkaði þeim góð störf í þágu orlofsbyggðarinnar.

Það er vinsælt að dvelja í orlofshúsi á Illugastöðum í Fnjóskadal og er orlofshúsabyggðin fyrir löngu vel kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Eining-löja á 14 orlofshús af þeim 32 sem eru í byggðinni. Nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarfélagar yfir sumartímann í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu.

Núverandi stjórn orlofsbyggðarinnar skipa: Björn Snæbjörnsson formaður, Jóhann Rúnar Sigurðsson frá FMA, Jón Rögnvaldsson varaformaður frá FVSA, Þorsteinn E. Arnórsson frá Einingu-löju og Sveinn Ingvason frá Eflingu. Varamenn í stjórn eru: Anna Júlíusdóttir frá Einingu-löju og Georg Páll Skúlason frá FBM.

Orðabók fyrir ungt fólk á vinnumarkaði

Vert er að benda á að unga fólkið í Hinu húsinu sem tekur þátt í verkefninu „Skyldurækin“ setti saman hagnýta orðabók fyrir ungt fólk á vinnumarkaði. Orðabókina má finna á vefsíðunni www.attavitinn.is, sem er upplýsingagátt miðuð að ungu fólki á aldrinum 16 til 25 ára. Á síðunni má finna hagnýtan fróðleik sem viðkemur hinum ýmsu sviðum lífsins.

Í orðabókinni er m.a. fjallað um atvinnuleysisbætur, atvinnuviðtal, bakvaktir, fyrirframgreidd laun, kennitölufلاك, laun og margt fleira.



Íbúðir í Reykjavík - þrif innifalin

Frá og með 1. mars sl. tók fyrirtækið Sólar ehf. við allri umsjón á íbúðum félagsins í Reykjavík. Með nýjum umsjónaraðila varð sú breyting að leigjandi þarf ekki lengur að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Sumarstarfsmenn

Eins og undanfarin sumur er búið að ráða inn afleysingafólk á skrifstofu félagsins í sumar.

Á Akureyri munu eins og áður verða tvær sem skipta á milli sín deginum frá 1. júní til 31. ágúst. Aðalbjörg G. Hauksdóttir verður á vaktinni á skrifstofunni milli kl 8 og 12 og Soffía Rut Guðmundsdóttir milli kl. 12 og 16.

Í Fjallabyggð mun Snjólaug Ásta Sigfinnsdóttir leysa Margréti af á meðan hún fer í frí.



Aðalbjörg og Soffía munu leysa af á skrifstofu félagsins á Akureyri í sumar.

Stjórnir og nefndir

starfsárið 2015-2016



Í félaginu er 11 manna aðalstjórn og öflugt trúnaðarráð þar sem tryggt er að allir hópar innan félagsins eigi sína fulltrúa. Stjórn félagsins skipa 11 félagsmenn: Formaður, varaformaður, ritari, fimm meðstjórnendur frá þéttbýlissvæðum utan Akureyrar og þrír fulltrúar starfsgreinadeilda, þ.e. formenn starfsgreinadeildanna þriggja.

Stjórn Einingar-Iðju

(*kosin til 2017)

*Björn Snæbjörnsson, formaður
Anna Júlíusdóttir, varaformaður
*Vilhelm Adolfsson, ritari
*Ingvar Kristjánsson, formaður lónaðar- og tækjadeilda
*Margrét H. Marvinsdóttir, formaður Matvæla- og þjónustudeilda
*Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður Opinberu deildarinnar
Guðrún Þorbjarnardóttir, svæðisfulltrúi í Hrísey
*Hafþís Kristjánsdóttir, svæðisfulltrúi í Ólafsfirði
Margrét Jónsdóttir, svæðisfulltrúi á Siglufirði
*Róbert Þorsteinsson, svæðisfulltrúi í Grýtubakkahreppi
Sigríður Jósepsdóttir, svæðisfulltrúi á Dalvík

Stjórn lónaðar- og tækjadeilda

(*kosin til 2017)

*Ingvar Kristjánsson, formaður
Vilhelm Adolfsson, varaformaður
*Sigurður Sveinn Ingólfsson, ritari
Gunnar Magnússon, meðstjórnandi
*Ingi Rafn Ingason, meðstjórnandi
Kristín Anna Gunnólfssdóttir, meðstjórnandi
Rannveig Kristmundsdóttir, meðstjórnandi
*Sigurður Sigurðsson, meðstjórnandi
*Svavar Magnússon, meðstjórnandi

Stjórn Matvæla- og þjónustudeilda

(*kosin til 2017)

*Margrét H. Marvinsdóttir, formaður
Tryggvi Jóhannsson, varaformaður
*Sigríður Jósepsdóttir, ritari
*Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
Birna Harðardóttir, meðstjórnandi
*Júlíana Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
Kristbjörg Ingólfssdóttir, meðstjórnandi
Stefán Aðalsteinsson, meðstjórnandi
*Steinþór Berg Lúthersson

Stjórn Opinberu deilda

(*kosin til 2017)

*Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður
Elisabet Skarphéðinsdóttir, varaformaður
*Hanna Dóra Ingadóttir, ritari
*Guðrún Lárusdóttir, meðstjórnandi
Hildur Anna Grétarsdóttir, meðstjórnandi
*Hildur Ingvarsdóttir, meðstjórnandi
Hrönn Vignisdóttir, meðstjórnandi
*Ásrún Karlsdóttir, meðstjórnandi
Ómar Ólafsson, meðstjórnandi

Stjórn sjúkrasjóðs

Aðalmenn:

Sigrún Lárusdóttir, sjálfkjörin
Anna Guðrún Ásgeirsdóttir
Ingimundur Norðfjörð

Varamenn:

Hulda Einarsdóttir
Margrét Sigurðardóttir
Sigríður Ólafsdóttir

Stjórn Vinnudeilusjóðs

Aðalmenn:

Árni Þorvaldsson
Gunnar Magnússon
Sigríður Jóna Gísladóttir
*Varamenn:
Birna Harðardóttir
Signý Aðalsteinsdóttir
Valborg Karlsdóttir

Stjórn Fræðslusjóðs

Anna Jablonska
Anna Sigríður Pálmadóttir
Elisabet Skarphéðinsdóttir
Halldór Brynjólfsson
Hanna Þ. Benediktsdóttir
Magnús Pátursson
Sigurður Sveinn Ingólfsson
Þórey Aðalsteinsdóttir

Ritnefnd

Anna Dóra Gunnarsdóttir
Erla Hrunð Friðfinnsdóttir
Kristín Anna Gunnólfssdóttir
Sigurður Þór Sturluson

Ferðanefnd

Björn Snæbjörnsson, sjálfkjörin
Auður Íris Eiríksdóttir
Einar Árni Friðgeirsson
Helga Ingólfssdóttir
Sigurlaug A. Tobíasdóttir

Kjörstjórn

Aðalmenn:

Laufey Bragadóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir

Varamenn:

Margrét Pálsdóttir
Stefán Aðalsteinsson

Skoðunarmenn

Aðalmenn:

Hildur Ingvarsdóttir
Stefán Magnús Jónsson

Varamaður:

Ingimundur Norðfjörð

Trúnaðarráð

Í trúnaðarráði eiga sæti 100 manns auk 11 stjórnarmanna, fimm varanna svæðisfulltrúa og þriggja varanna starfsgreinadeilda. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Matvæla- og þjónustudeild:

Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Hótel KEA
Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, Akureyri

Anna Jablonska, Samherji, Dalvík
 Ása Ragnarsdóttir, S1 Ólafsfirði
 Birgitta S Jónsdóttir, Matur og mörk
 Birna Harðardóttir, Norðlenska
 Dagbjört Óskarsdóttir, ISS Akureyri
 Dýrleif Þ. Jóhannsdóttir, Símsstöðin
 Ever Perez Gimenez, Samherji Dalvík
 Guðjón Ólafsson, Kjarnafæði
 Guðrún Guðmundsdóttir,
 Þríf og ræstivörur
 Guðrún Ólöf Björnsdóttir,
 Icelandair Hotel
 Halldór Baldvin Stefánsson, Kjarnafæði
 Helena Jónsdóttir, 1862 bistro
 Hrafnhildur Ása Einarsdóttir,
 Rauðka Siglufirði
 Hrefna Þorbergsdóttir, ÚA Akureyri
 Ingi Stefánsson, Securitas
 Ingibjörg Bergmann Bragadóttir,
 Bryggjan
 Ingibjörg Sigurðardóttir, Ektafiski
 Ingimar Ragnarsson, Eyfang Hrísey
 Íris Eva Ómarsdóttir, Norðlenska
 Jóhanna M Baldursdóttir, ISS Island
 Júlíana Kristjánsdóttir, Securitas
 Katrín Steinarsdóttir, ÚA Akureyri
 Kolbrún Björgvinsdóttir,
 Rammi Siglufirði
 Kolfinna Haraldsdóttir, Lostæti
 Kristbjörg Ingólfsdóttir, Landsbankinn
 Margrét Pálsdóttir, Daglegt brauð
 Ólöf Tryggvadóttir, Grand Þvottur
 Rannveig Brynjólfssdóttir, Becromal
 Selma Rut Úlfarsdóttir, Hreint.
 Sigríður Gísladóttir, ÚA Akureyri
 Sigurður Þór Sturluson, MS Akureyri
 Sigursveinn Hallsson, Norðlenska
 Sindri Vilmar Þórisson, Samherji Dalvík
 Sólveig Auður Þorsteinsdóttir, Bautinn
 Stefán Aðalsteinnsson, Kjarnafæði
 Steingrímur Steinarsson,
 Hausapurrkun Dalvík
 Steinþór Lúthersson, ÚA Akureyri
 Vignir Stefánsson, ÚA Akureyri
 Þorsteinn Þormóðsson,
 Gjögur Grenivík.
 Þorvaldur Guðjónsson, MS Akureyri

Opinbera deild:

Anna Arngrímsdóttir, MA Þvottahús
 Anna Dóra Gunnarsdóttir, Álfasteinn
 Arna Geirsdóttir,
 Hjúkrunarheimilinu Hlíð
 Auður Íris Eiríksdóttir, Sambýli
 Ágústa Ingimarsdóttir, MA

Árni Þorvaldsson, Vegagerð
 Ásrún Karlsdóttir, Heimaþjónusta B
 Einar Gylfason, VMA
 Eygló Þorsteinsdóttir, Hólmasól
 Guðrún Lárusdóttir, Dalvíkurskóli
 Guðrún Valdís Eyvindsdóttir,
 Naustaskóli
 Gunnar Berg Haraldsson, Norðurorka
 Hallfríður Hallsdóttir,
 Sambýli v/Lindargötu Siglufirði
 Hanna Björg Hólm,
 Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar
 Hanna Dóra Ingadóttir,
 Álfaborg Svalbarðsströnd
 Hanna Þóra Benediktsdóttir,
 Leikskólinn Leikskálar Sigló
 Helga Ingólfsdóttir, Lögmannshlíð
 Hildur Arna Grétarsdóttir,
 Lögmannshlíð
 Hildur Ingvarsdóttir, Sambýli Snægili
 Hrönn Vignisdóttir,
 Sjúkrahúsið á Akureyri
 Hulda Einarsdóttir, Siðuskóli
 Lilja Björg Jones Hauksdóttir,
 Krummakoti Eyjafjarðarsveit
 Margrét Sigurðardóttir, Giljaskóli
 Marten Elvar Veigarsson,
 Skammtímavistun
 Ómar Ólafsson,
 Framkvæmdamiðstöð Ak.
 Rannveig B Hrafnkelsdóttir,
 Heimaþjónusta Akureyrar
 Sigmar Ingi Ágústsson,
 Meðferðarheimilinu Laugalandi
 Sigríður Ólafsdóttir,
 Sjúkrahúsið á Akureyri/Kristnes
 Sigurbjörg Ingvadóttir,
 Hjúkrunarheimilinu Hlíð
 Sigurlaug Anna Tóbíasdóttir,
 Leikskólinn Pálmholt
 Valborg Inga Guðjónsdóttir,
 Leikskólinn Sunnubóli
 Valborg Karlsdóttir,
 Leikskólinn Hulduheimar - kot
 Örlygur Már Örlygsson,
 Plastiðjan Bjarg-lðjulundur

Iðnaðar- og tækjadeild:

Arnar Kristjánsson Oliudreifing
 Björgvin Axel Gunnarsson,
 Hópfærðabílar Akureyrar ehf.
 Gísli Garðarsson,
 Gámaþjónusta Norðurlands
 Gunnar Árni Jónsson, Gúmmívinnslan
 Gunnar Magnússon, Hyrnan

Höskuldur Jóhannesson,
 SBA - Norðurleið
 Ingi Rafn Ingason, Slippurinn Akureyri
 Ingimundur Norðfjörð, Becromal
 Jósavin Heiðmann Hreinsson, Laxá
 Kristín Anna Gunnólfssdóttir, Ólafsfirði
 Ómar Freyr Sigurðsson,
 Siglufjarðar Seigur
 Rannveig Kristmundsdóttir, Glófi
 Sigurður Árni Karelsson, Skeljungi
 Sigurður Sigurðsson, SBA - Norðurleið
 Sigurður Sveinn Ingólfsson,
 MS Akureyri
 Símon Helgason, SR vélar
 Svavar Magnússon, Promens Dalvík
 Torfi Ársæll Grímsson,
 Skútaberg Ólafsfirði

7 fulltrúar tilnefndir af trúnaðarráði

Ana Louise Júlíusdóttir, Valsársskóla
 Svalbarðsströnd
 Árni Hallur Júlíusson, G. Hjálmarsson
 Elínros Þóreyjardóttir, Hlíðarbóli
 Emil Þór Guðjónsson, G.V. Gröfur
 Halldór Ari Brynjólfsson,
 Framkvæmdamiðstöð Akureyrar
 Jón Eðvarð Ingólfsson,
 Lundur Heimavist
 Þorsteinn E. Arnórsson, Eining-lðja

Sjálfkjörnir í trúnaðarráð auk stjórmar:

Varaformenn deilda og vara
 svæðisfulltrúar:

Opinbera deild, Elísabet
 Skarphéðinsdóttir, Hrafnagilsskóla
Iðnaðar- og tækjadeild, Vilhelm
 Adólfsson, Becromal
Matvæla- og þjónustudeild,
 Tryggvi Jóhannsson, Þríf og ræstivörur

Dalvík, Freydis Antonsdóttir, Dalvík
Hrísey, Magnús Pétursson,
 Hvammsfiskur
Siglufjörður, Sigrún V. Agnarsdóttir,
 Efnalaugin Lind
Ólafsfjörður, Anna Sigríður
 Pálmadóttir, Heilbrigðisstofnun
 Fjallabyggðar
Grenivík, Þórey Aðalsteinsdóttir,
 Leikskólinn Krummafótur



Hefur þú lent í slysi?

Kannaðu rétt þinn til bóta.

Lögmenn Pacta á Norðurlandi og um land allt aðstoða þá sem lent hafa í vinnuslysi, umferðarslysi eða frítímaslysi við að sækja réttmætar bætur til bótagreiðenda. Hafðu samband við okkur, fyrsta viðtal er þér að kostnaðarlausu.

Pacta skrifstofur á Norðurlandi:

Akureyri
Blönduós

Dalvík
Húsavík

Sauðárkrókur
Siglufjörður

Símanúmer okkar er 440 7900 · pacta@pacta.is · www.pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N